

Alþingi
Erindi nr. P 140/53
komudagur 8.11.2011



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. nóvember 2011
Tilvísun: 2011100016/50.11
Verknúmer: 1227000

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, þingskjal 7 – 7.
mál fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.**

Orkustofnun vísar til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 21. október 2011 þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, þingskjal 7 – 7. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi, 140. löggjafarþing 2011-2012.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreindrar þingsályktunartillögu og gerir ekki athugasemdir við það markmið tillögunnar að fela forsætisráðherra að stýra mótun aðgerðaáætlunar um grænt hagkerfi á grundvelli tillagna nefndar Alþings um eflingu græna hagkerfisins. Aðgerðirnar miði að því að Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi, sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni sem er að finna í umræddu þingskjali.

Orkustofnunar mun hér á eftir fjalla um tillöguna í ljósi hlutverks stofnunarinnar að lögum:

1. Tillaga nefndar um eflingu græns hagkerfis

Um vistun, samræmingu og eftirfylgni.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni getur grænt hagkerfi ekki orðið að veruleika nema með því að umbreytingin sem því fylgir fléttist inn í allt stjórnkerfið. Efling græna hagkerfisins er þannig þverfaglegt viðfangsefni. Eftirfylgni með tillögum sem settar eru fram verður að vera á hendi ráðuneytis sem hefur yfirsýn yfir öll fagráðuneyti, en hvert þeirra um sig gegnir mikilvægu hlutverki við stefnumótun og framkvæmd verkefna á sínu sviði.

Umsögn Orkustofnunar:

Orkustofnun tekur undir ofangreint sjónarmið og fagnar því nýja tækifæri, sem tillagan gerir ráð fyrir, til úrbóta í þágu sjálfbærrar þróunar og græns hagkerfis eftir atvikum með breyttum lögum og auknu hlutverki sem að Orkustofnun snýr. Nefndin leggur til að gerð verði heildarendurskoðun á lögum sem gilda um opinberar stofnanir og hlutverk þeirra, með það fyrir augum að flétta áherslur sjálfbærrar þróunar og græns hagkerfis inn í skilgreind hlutverk. Orkustofnun lýsir sig reiðubúna til að taka þátt í þeirri vinnu á þeim faglegu forsendum sem stofnunin ræður yfir.

2. Um einstakar tillögur nefndarinnar og aðgerðaáætlun sem Orkustofnun lætur sig varða

Tillaga nefndarinnar nr. 3. Um heildarendurskoðun á lögum sem gilda um opinberar stofnanir og hlutverk þeirra, með það fyrir augum að flétta áherslur sjálfbærrar þróunar og græns hagkerfis

inn í skilgreind hlutverk og aðrar lagagreinar þar sem það á við.
Ábyrgð: Alþingi / Forsætisráðuneyti. Tímasetning: 2012.

Umsögn Orkustofnunar:

Það er m.a. hlutverk Orkustofnunar að vera ríkisstjórn til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál. Hún fer með stjórnsýslu í orkumálum og aflar þekkingar á orkulindunum og öðrum jarðrænum auðlindum. Stofnunin stendur einnig fyrir rannsóknum vegna nýtingar á orkulindum og öðrum jarðrænum auðlindum landsins og öðrum viðfangsefnum á sviði orkumála og vinnur að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar. Orkustofnun telur að með tillögunni verði frekar unnið að nánari útfærslu og skilgreiningu á hlutverki stofnunarinnar með það að markmiði að flétta áherslur sjálfbærrar þróunar og græns hagkerfis inn í skilgreint hlutverk stofnunarinnar og lýsir sig reiðubúna til að taka þátt í þeirri vinnu.

Tillaga nefndarinnar nr. 13. Gerð verði úttekt á orkunotkun opinberra bygginga og sett upp orkustýring þar sem það er talið hagkvæmt.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti / Orkustofnun / Orkusetur. Tímasetning: 2012.

Umsögn Orkustofnunar:

Orkustofnun telur að með tillögunni verði lagður grunnur að því að stofnunin verði eflað til þess að geta betur tekist á við það verkefni að benda á leiðir til að bæta orkunýtingu. Orkusetur er starfseining í umsjón Orkustofnunar og gæti vel sinnt verkefnum af þessu tagi. Orkustofnun fer með stjórnsýslu á þessu sviði.

Tillaga nefndarinnar nr. 38. Orkunýting íslenskra heimila og fyrirtækja verði metin sérstaklega og niðurstöðurnar kynntar opinberlega, með það fyrir augum að draga úr sóun.

Ábyrgð: Orkustofnun / Orkusetur. Tímasetning: 2012.

Umsögn Orkustofnunar:

Orkustofnun telur að með tillögunni verði lagður grunnur að því að stofnunin verði eflað til þess að geta betur tekist á við það verkefni að benda á leiðir til að bæta orkunýtingu og draga úr sóun einstaklinga og samfélagsins.

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við aðrar tillögur nefndarinnar eða aðgerðaáætlun.

3. Umsögn Orkustofnunar um samþættingu áætlana sem um er fjallað í greinargerð tillögunnar.

Orkustefna fyrir Ísland 4.4

Tillögur nefndarinnar um eflingu græns hagkerfis og tillögur stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu fyrir Ísland eru sprottnar úr sama jarðvegi, eins og fram kemur í greinargerð með fram kominni tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Þar segir m.a. að „leiðarljós orkustefnunnar er að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta“. Hugtakið sjálfbær þróun er útskýrt ítarlega í stefnunni og gerð grein fyrir því hvernig meginmarkmið stefnunnar tengjast hinum þremur stoðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. umhverfi, samfélagi og efnahag.

Stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu fyrir Ísland, en þar sat meðal annarra Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri, skilaði tillögum sínum til iðnaðarráðherra þann 3. nóvember 2011. Orkustefnunni er ætlað að vera grundvöllur og viðmið ákvarðana er varða orkumál. Í tillögum

stýrihópsins er fjallað um allmörg atriði sem einnig ber á góma í tillögum nefndar um eflingu græns hagkerfis. Þar má nefna orkusparnað, bættu nýtingu jarðvarma, uppbyggingu iðngarða og leiðir til að draga úr notkun innflutts jarðefnaeldsneytis. Í orkustefnunni kemur einnig fram að „með jákvæðum og neikvæðum hagrænum hvötum geti stjórnvöld haft áhrif á hegðun á markaði í þá átt sem samræmist heildarhag og sjálfbærnimarkmiðum“. Í öllum tilvikum er þarna um að ræða sömu megináherslur og í vinnu nefndar um eflingu græns hagkerfis. Orkustefnan er hins vegar ekki aðgerðamiðuð á sama hátt og tillögur nefndar um eflingu græns hagkerfis, enda er orkustefnunni ætlað að vera „heildstæð en almenn stefnumótun á sviði orkumála og orkubúskapar.“

Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða 4.5


Vinnan við gerð rammaáætlunarinnar fór að mestu fram í faghópum sérfræðinga sem lögðu grunn að röðun náttúrusvæða eftir verðmætum og virkjunarhugmyndum og ólíkum hagsmunum. Áhersla á heildarsýn og langtímaviðhorf endurspeglast í viðfangsefnum faghópanna, og er jafnframt rauður þráður í lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Því er ljóst að rammaáætlunin tekur mið af sömu hugmyndafræði og lögð var til grundvallar í starfi nefndar um eflingu græns hagkerfis.

Orkustofnun telur að fram komin tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi sé jákvæð viðbót og í samræmi við aðra stefnumótunarvinnu eins og að ofan greinir.



Kristinn Einarsson

Virðingarfyllst,



Skúli Thoroddsen